

um framlag ríkissjóðs til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja 3 milljónum króna af tekjuafgangi ríkissjóðs á árinu 1953 til hafnarmannvirkja í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Höfnin í Vestmannaeyjum er hin þýðingarmesta á landi hér að því er tekur til vélbátaflotans og framleiðslu hans á freðfiski, saltfiski, skreið, lýsi og fleiri sjávarafurðum.

Vélbátaflotinn í Vestmannaeyjum fer stöðugt vaxandi og framleiðsla hans einnig.

Af náttúrunnar hendi eru hafnarskilyrði erfið í Eyjum. Hafnargerðin öll er því kostnaðarsöm framkvæmd, og þrátt fyrir mikinn árangur, sem náðst hefur á undanförunum þrem áratugum, eru stórframkvæmdir í hafnargerðinni enn óhjákvæmi-
legar á næsta ári.

Í því sambandi má vitna til þeirra samþykta, sem gerðar voru á fundi hafnarnefndarinnar í Vestmannaeyjum hinn 16. nóv. s. l., þar sem mættur var á fundi Guðmundur Þorsteinsson verkfræðingur auk nefndarmanna. Í fundargerðinni segir svo:

1. Nefndin telur næsta verkefni í hafnarframkvæmdum, jafnhliða bátakví og mannvirkjagerð í Friðarhöfn ásamt smábátakví, vera dýpkun og breikkun inn-siglingarinnar og þar með að grafa nær nyrðri hafnargarðshausnum og setja járnþil í kringum hann.

Nefndin felur bæjarstjóra í samráði við vitamálastjóra að undirbúa kaup á járnþili til þessarar notkunar og semja um, að dýpkunarskipið Grettir faist leigt til þessara nota næsta vor.

Verkfræðingurinn tekur fram í þessu sambandi, að ef ekki reyndist mögulegt að setja járnþil fyrir framan garðhausinn, þá sé járnþilið nothæft til þess að gera þil t. d. í Friðarhöfninni.

2. Þá hefur verkfræðingurinn bent á, hvar heppilegast væri að grafa í næstu 2—4 mánuði í Friðarhöfninni, í norðvesturbakkanum, norðan við hús Vinnslustöðvarinnar. Nefndin samþykkir tillögur verkfræðingsins.

Í samræmi við þessar ákvarðanir hefur hafnarnefndin nú gert fjárhagsáætlun fyrir árið 1954. Sést þar, að nefndin hefur gert sér nokkra von um hækkað framlag ríkissjóðs til hafnarmannvirkjagerðar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi. Sú von er nú að engu orðin. En þótt nefndinni hefði orðið að von sinni, þá hefði skort rúmar 3 millj. kr. til þess að hrinda brýnustu verkefnum í framkvæmd. Það fé væri sanngjarnt að ríkissjóður legði Vestmannaeyjahöfn til af hinum háa tekjuafgangi sínum á þessu ári.

Áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 1954 er frá hendi hafnarnefndar þannig:

Tekjur:

a. Vörugjald af ísvörðum fiski	kr.	10 000.00
b. Vörugjald af hraðfrystum fiski	—	100 000.00
c. Vörugjald af saltfiski	—	100 000.00
d. Vörugjald af ýmsum vörum	—	210 000.00
e. Hafnargjöld aðkomuskipa	—	150 000.00
f. Hafnsögugjöld	—	250 000.00
g. Lesta- og vitagjöld	—	80 000.00
h. Aðstoð veitt skipum	—	25 000.00
i. Tekjur af hafnarvogum	—	25 000.00
j. Tekjur af bifreið	—	60 000.00
k. Tekjur af krönum	—	100 000.00
l. Lóðarleiga	—	50 000.00
m. Tekjur af m/b Létti	—	10 000.00
n. Tekjur af vatnssölu	—	50 000.00
o. Ýmsar tekjur	—	10 000.00